

Félags- og húsnæðismálaráðherra,
Eygló Harðardóttir,
Hafnarhúsinu við Tryggagötu,
101 Reykjavík

30. maí 2016

Varðar: Breytingar á reglum um hámarksfjölda samliggjandi íbúða fyrir fatlað fólk og hámarksfjölda íbúða með sameiginlegri aðstöðu og um lágmarksstærðir íbúða.

14. mars sl. voru birt á heimasíðu velferðarráðuneytisins drög að nýrri reglugerð um sérstök húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk og drög að breytingum á reglugerð nr. 1054/2010, um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu. Þar var gefinn frestur til 29. mars sl. til að skila umsögnum um reglugerðadrögin.

Landssamtökin Þroskahjálp (LP) sendu ráðuneytinu umsögn sína innan þess frests og þá sendu fulltrúar samtakanna í starfshópi sem samdi reglugerð nr. 1054/2010 ráðuneytinu umsögn um drögin, einnig innan frestsins. Umsagnirnar má nálgast á eftirfarandi linkum:

<http://www.throskahjalp.is/is/alit-og-umsagnir/umsognlandssamtakannathroskahjalparlthumbreytingarareglugerdumthjonustuvdifatladfolkaheimilumsinum>

<http://www.throskahjalp.is/is/alit-og-umsagnir/enginn-titill-8>

Í þessum umsögnum eru ítrekaðar og rökstuddar athugasemdir og ábendingar sem við undirrituð komum á framfæri við yður á fundi í ráðuneytinu 26. janúar sl.

Þar er sérstaklega og með skýrum og rökstuddum hætti mælt gegn því að dregið verði úr kröfum varðandi hámarksfjölda samliggjandi íbúða og íbúða með sameiginlegri aðstöðu eins og gert var ráð fyrir í reglugerðadrögunum. Þar er m.a. bent á að þær breytingar væru mjög til þess fallnar að til verði húsnæði ætlað fötluðu fólki sem líkist mjög stofnunum að gerð og í rekstri og að minni kröfur til lágmarkstærðar íbúða séu augljóslega til þess fallnar að til verði minni íbúðir og þar með síðri að gæðum hvað það varðar. Í því sambandi var sérstaklega bent á að lífsgæði fatlaðs fólks réðust almennt enn meira af húsnæði sem það býr í en lífsgæði ófatlaðs fólks þar sem það dvelst vegna fötlunar sinnar almennt meira á heimilum sínum en ófatlað fólk.

LP telja ljóst að umræddar breytingar á reglum um hámarksfjölda gangi alvarlega gegn stefnumótun og markmiðum um að fatlað fólk skuli fá tækifæri til að búa og taka þátt í samfélaginu án aðgreiningar og að vera í eðlilegum tengslum við nærumhverfi sitt með sama

hætti og aðrir eiga kost á. Samtökin telja því að þær breytingar sem og breytingar á lágmarksstærð íbúða samræmist afar illa markmiðum laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, en reglurnar sækja stoð sína í þau lög. Í 1. gr. þeirra segir:

Markmið þessara laga er að tryggja fötluðu fólki jafnrétti og sambærileg líf skjör við aðra þjóðfélagsþegna og skapa því skilyrði til þess að lifa eðlilegu lífi.

Þá er augljóst, að mati samtakanna, að þessar breytingar samræmast alls ekki markmiðum og meginreglum samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem ber samkvæmt 1. gr. laganna að taka mið af við framkvæmd þeirra. Setning reglna á grundvelli laganna er augljóslega afar mikilvægur þáttur í þeirri framkvæmd. Auk þess undirritaði íslenska ríkið samninginn árið 2007 og vinnur nú að því að fullgilda hann með því að tryggja að lög, reglur og stjórnýsluframkvæmd uppfylli kröfur hans. Með undirritun samningsins skuldbatt íslenska ríkið sig til að gera ekkert sem gengi gegn markmiðum hans.

Í ljósi alls framangreinds kemur það mjög á óvart og hlýtur að valda fötluðu fólki miklum vonbrigðum að umræddar reglugerðir um sérstök húsnæðisúrræði fyrir fatlað fólk og um breytingar á reglugerð um þjónustu við fatlað fólk á heimili sínu hafi verið settar þann 29. apríl sl., birtar og tekið gildi með nefndum ákvæðum varðandi hámarksfjölda íbúða og lágmarksstærð þeirra eins og þau voru í reglugerðardrögunum. Að mati Landssamtakanna Þroskahjálpar er þar um að ræða verulega afturför hvað varðar réttindi fatlaðs fólks og tækifæri til eðlilegs líf án aðgreiningar og fordæmi sem hlýtur að vekja áhyggjur og ótta um frekari þróun í þá átt hjá öllum sem láta sig varða réttindi og hagsmunamál fatlaðs fólks. Það stingur mjög í augun, ekki aðeins m.t.t. markmiðsákvæðis laga um málefni fatlaðs fólks og markmiða og skuldbindinga samkvæmt samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks, heldur einnig vegna þessa að þar er vikið af braut þeirrar stefnumótunar og framþróunar í réttindum fatlaðs fólks og tækifæra til eðlilegs lífs, án aðgreiningar, sem stjórnvöld hafa undantekningalaust fetað undanfarin ár og áratugi, þótt vissulega hafi margt þar mátt ganga hraðar fram og enn sé þar mjög margt ógert.

Með vísan til framangreinds og tilvitnaðra umsagna um reglugerðadrögin skora Landssamtökin Þroskahjálp á yður að endurskoða nú þegar umrædd reglugerðaákvæði. Ef þér fallist ekki á að gera það fara samtökin þess á leit við yður að þér upplýsið þau um á hvaða markmiðum, lagarökum og sjónarmiðum nefndar reglugerðabreytingar byggjast.

Virðingarfyllst,

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri

